

L Ö G

um breyting á lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein 1. gr. laganna komi ný málsgrein sem orðist svo:
Lög þessi gilda ekki um tannsmíði, enda falli úr gildi reglugerð nr. 92/1974, um tannsmíði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, er verður 6. gr., svohljóðandi (tölusetning 6.—7. gr. breytist til samræmis):

Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að gera með sér samning um að skólalald í samræmi við 1.—5. gr. þessara laga fari fram í tveimur sjálfstæðum skólastofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 22. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingvar Gíslason.